

Mýrdalshreppur  
Sveinn Pálsson, sveitarstjóri  
Austurvegi 17  
870 Vík

Reykjavík, 29. janúar 2010  
/--

**Efni: Umsögn um umhverfisskýrslu vegna tillögu að Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009-2025**

Vísað er til tillögu að Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009-2025 sem nú er í auglýsingaferli ásamt umhverfisskýrslu sem unnin var skv. lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið umhverfisskýrslu í samræmi við 7. gr. laganna og gerir eftirfarandi athugasemdir við umhverfisskýrslu:

Ný lega Hringvegur sem sveitarstjórn hefur samþykkt að auglýsa í tillögu að aðalskipulagi er talin líkleg til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufarslega þætti og náttúru- og menningarminjar sbr. samantekt í töflu á bls. 24. Skipulagsstofnun telur ástæðu til að ítreka fyrri athugasemd sína, sbr. bréf dags. 21. október, um að með hliðsjón af markmiðum í umhverfis- og verndarmálum ætti að hlífa Dyrhólaósi við raski sbr. einnig afstöðu Umhverfisstofnunar í umsögn frá 5. ágúst 2009. Bent er á að ef umhverfismatið leiðir til þeirrar niðurstöðu að tiltekin stefna/framkvæmd hafi í för með sér veruleg neikvæð umhverfisáhrif á einn eða fleiri umhverfisþætti ætti að skoða aðra möguleika til að ná settum markmiðum.

Að mati Skipulagsstofnunar þarf að skýra hvað átt er við með að "Veglína ofan Dyrhólaóss verði valin með tilliti til eðlilegs jafnvægis milli nýtingar og verndunar votlendis og náttúru" í kafla 5.5.

Skipulagsstofnun bendir á að í lögum um umhverfismat áætlana er gerð krafa um að sett sé fram áætlun um vöktun vegna líklegra verulegra umhverfisáhrifa af framkvæmd aðalskipulagsins. Skipulagsstofnun gerir athugasemd við að vöktunaráætlun vantar. Um gerð vöktunaráætlunar er fjallað í 5. kafla í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana frá 2007.

Skipulagsstofnun hefði talið eðlilegt að meginviðfangsefni umhverfisskýrslu kæmi fram í fyrstu fjórum köflum umhverfisskýrslunnar þ.e. hvaða þættir eða stefnumið í aðalskipulaginu eru metin og afhverju þau eru talin líkleg til að hafa í för með sér veruleg umhverfisáhrifum umfram annað. Í umhverfisskýrslu kemur að efni í sjóvarnir verði sótt í

grjótnámu í Eystri-Sólheimaheiði en athygli vekur að efnistaka eða efnislosun vegna vegagerðarinnar er ekki viðfangsefni umhverfismatsins.

Minnt er á að við endanlega samþykkt skipulagsáætlunarinnar þarf að liggja fyrir greinargerð um hvernig umhverfissjónarmið hafa verið felld inn í áætlunina og hvernig höfð hefur verið hliðsjón af umhverfisskýrslu og athugasemdum sem bárust á kynningartíma sbr. 9. gr. laga um umhverfismat áætlana.



Birna Björk Árnadóttir

**Mýrdalshreppur**  
**Austurvegi 17**  
**870 Vík í Mýrdal**

### **Athugasemd til hreppsnefndar Mýrdalshrepps um tillögu að aðalskipulagi sveitarfélagsins 2009-2025**

Við undirrituð eigendur Litlu Hóla í Mýrdalshreppi og sameignarlanda og vatnasvæða í Dyrhólahverfi og nágrenni mótmælum harðlega stofnmarkmiði og útfærslu þess í aðalskipulagstillögunni um breytt vegstæði þjóðveggar 1 um Mýrdal, sbr. ákvæði kafla 2.5.1 í greinargerð, sbr. einnig umhverfisskýrslu og upprátt. Í auglýsingu sveitarstjórnar dags. 22. desember 2009 segir: *“skipulagsgögn eru skipulagsgreinargerð, skipulagsupprættir og umhverfisskýrsla.”*

Samkvæmt aðalskipulagstillögunni mun hin nýja veglína liggja um eignarland okkar á Litlu Hólum og um eða nærri óskiptu sameignarlandi okkar og annarra við norðan- og vestanverðan Dyrhólaós. Þá mun veglínan liggja mjög nærri heilsárshúsi/frístundahúsi okkar og öðrum fasteignum á Litlu Hólum og gera jörðina nær óhæfa til frístundanotkunar og draga verulega úr gildi hennar til búreksturs.

Vakin er athygli á ósamræmi í legu vegstæðis, einkum vestan Reynisfjalls, milli sveitarfélagsuppráttar og mynda umhverfisskýrslu, en slíkt ósamræmi er óásættanlegt ef meta skal nákvæmlega tjón af völdum nýrrar veglínu. Ofangreind lýsing miðast við lýsingu umhverfisskýrslu þar sem hún er nákvæmari. Neðangreindar athugasemdir eru hinsvegar miðaðar við hvorn kostinn sem er.

- Samþykkt veglínunnar á aðalskipulag sveitarfélagsins mun að öllum líkindum leiða til mikillar rýrnunar á verðmæti eignarlands okkar og fasteigna vegna þeirra gríðarlegu umhverfis- og lífsgæðabreytinga sem bygging og lega væntanlegrar veglínu munu hafa í för með sér.
- Veglínan mun valda óafturkræfu tjóni á eignarlandi okkar, spilla gróðri og fuglalífi, valda ryk- og efnamengun á öllu nærliggjandi landi vegarins, grunnvatni, lækjum og vatnasviði Dyrhólaóss (sem við eigum með öðrum), skerða beutiland jarðarinnar og ræktunarmöguleika, og spilla náttúrulegum svæðum sem ekki nýtast til jarðyrkju.
- Veglínan mun, þegar til framkvæmda kemur, valda gríðarlegu ónæði og raski meðan á byggingu stendur. Verði veglínan að veruleika mun hún skerða til allrar fyrirsjáanlegrar framtíðar lífsgæði okkar eigenda og annarra sem nota jörðina og fasteignir hennar. Mengun af völdum ryks, útblásturs og hávaða mun aukast og skaða lífsskilyrði gróðurs, fuglalífs, búfænaðar og ekki síst okkar sem þar dvelja lengur eða skemur.

- Veglínan mun gjörbreyta ásýnd okkar nánasta umhverfis og felur í sér umtalsverða sjónmengun umhverfis sem í stórum dráttum hefur verið óhreyft um áratugaskeið.
- Við minnum á að formleg skráning menningarsögu- og náttúruminja og fuglatalningar hafa ekki verið gerðar á þessum nytja- og eignarlöndum okkar og er veglínan því staðsett á svæði sem að mestu er órannsakað að þessu leyti. Það stangast á við kröfur skipulagsreglugerðar.

Við viljum benda á að vegalagning samkvæmt tillögu að umræddu vegstæði er andstæð náttúruverndarlögum nr. 44/1999, þar sem Dyrhólaós og næsta nágrenni er er náttúruverndarsvæði, sbr. 8. tölul. 4. gr. laganna. Þá njóta mýrar, flóar, sjávarfitjar og leirur sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. sömu laga.

Við álitum að brotið hafi verið á rétti okkar varðandi samráð við gerð aðalskipulags. Skipulagslög kveða skýrt á um að jafnan skuli haft fullt samráð við landeigendur vegna hvers konar fyrirhugaðra breytinga á notkun og meðferð lands, en í okkar tilvikum hefur aldrei verið til okkar leitað um umrædda veglínu.

Rétt þykir að benda á að eignarrétturinn er varinn af 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar, sem heimilar því aðeins skerðingu þess réttar að almenningsþörf krefji, en við mat á því verði að gæta meðalhófs. Í dómi hæstaréttar nr. 425/2008 dags. 19. mars 2009 var vísað til þessa stjórnarskrárákvæðis þegar hafnað var lagningu vegar um einkaland. Til áréttingar skal vísað til álits og athugana Vegagerðar ríkisins sem benda til þess að með endurbótum á núverandi þjóðvegi 1 um Mýrdal megi ná þeim meginmarkmiðum að tryggja greiðar, hagkvæmar og öruggar samgöngur án umtalsverðs tjóns á umhverfi.

Við undirrituð krefjumst þess að ákvæði um breytta veglínu þjóðveggar 1 um Mýrdal verði felld úr aðalskipulagstillögunni. Að öðrum kosti áskiljum við okkur rétt til að grípa til allra tiltækra réttarfarslegra úrræða til að fá ákvæðum þessum hnekkkt eða krefjast skaðabóta ella.

Litlu Hólum, 30. janúar 2010

Sigursteinn Þorsteinsson	281254-5969
Sigríður Þorleinsdóttir	080653-2559
Sigurður Þómasdóttir	200546-4219